

Starfsendurhæfing
Hafnarfjarðar

Ársskýrsla
2017

Efnisyfirlit

Myndir og töflur	2
Inngangur	3
Stjórn	3
Starfsmannahald	3
Fjármögnun	4
Húsnæðismál	4
Markhópur.....	4
Hlutverk og markmið.....	4
Hugmyndafræði.....	5
Endurhæfingin	5
Endurhæfingarleiðir	5
Áherslur í starfsendurhæfingu	6
Ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta	7
Starfsprófun / starfsþjálfun	8
Próunarverkefni.....	8
Samstarf.....	9
Starfsemi ársins	9
Búseta þátttakenda	9
Kynjahlutfall.....	10
Aldur	11
Árangur.....	11
Staða í árslok	11
Staða þeirra sem luku þátttöku á árinu.....	12
Tími utan vinnumarkaðar	12
Samantekt / lokaorð.....	13

Myndir og töflur

Mynd 1. Tilvísanir 2017, búseta þátttakenda.	9
Mynd 2. Tilvísanir 2017, kyn þátttakenda	10
Mynd 3. Tilvísanir 2017. Aldur þátttakenda, ár	11
Mynd 4. Þátttakendur 2017, staða í árslok	11
Mynd 5. Staða þátttakenda sem luku þátttöku 2017	12
Mynd 6. Luku endurhæfingu 2017. Tími utan vinnumarkaðar fyrir endurhæfingu	12
Tafla 1. Vandir og áherslur í endurhæfingu.	6

Inngangur

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni (non-profit). Hlutverk hennar er að sinna starfsendurhæfingu. Stofnaðilar voru Hafnarfjarðarbær, Sjúkraþjálfarinn ehf, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Verkalýðsfélagið Hlíf og eiga þeir allir aðild að stjórn.

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar 2017 er samantekt á starfsemi félagsins og rekstrarreikningur fyrir almanaksárið 2017.

Stjórn

Aðalfundur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar var haldinn 28. mars 2017.

Kjörtímabili tveggja aðalmanna í stjórn, Helgu Ingólfssdóttur og Karls Rúnars Þórssonar og þriggja varamanna, Haraldar Sæmundssonar, Kristínar Thoroddsen og Lindu Baldursdóttur var liðið. Öll gáfu kost á sér til endurkjörs. Ekki bærust mótframboð og stjórn og varastjórn var því sjálfkjörin.

Stjórn er þannig skipuð að aðalmenn eru: Árni Rúnar Þorvaldsson, Kolbeinn Gunnarsson og Gunnar Viktorsson sem sitja til 2018 og Helga Ingólfssdóttir og Karl Rúnar Þórsson sem sitja til 2019. Varamenn eru: Gunnar Axel Axelsson, Elías Már Sigurbjörnsson sem sitja til 2018 og Haraldur Sæmundsson, Kristín Thoroddsen og Linda Baldursdóttir sem sitja til 2019. Félagslegir endurskoðendur eru Ingvar Reynisson og Ólafur Pétursson.

Karl Rúnar Þórsson tók við formennsku í stjórn af Kolbeini Gunnarssyni sem verið hafði formaður frá stofnun.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 5 stjórnarfundir.

Starfsmannahald

Á árinu störfuðu eftirtaldir starfsmenn hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar:

- Anna Guðný Eiríksdóttir, sjúkraþjálfari og menntunarfræðingur í 100% starfi. Hún er framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar.
- Auður Sigurgeirsdóttir móttökuritari í 60% starfi.
- Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir, iðjuþjálfari í 80 % starfi. Elsa stundaði nám í jákvæðri sálfræði á árinu.
- Helga Dögg Helgadóttir, sálfræðingur í 30% starfi. Helga Dögg var í barnseignarleyfi hluta ársins.
- Jón Ingi Hákonarson, leikari, leikstjóri, markþjálfari og viðskiptafræðingur í 100 % starfi.
- Kristín Garðarsdóttir, djákni og áfengisráðgjafi í 30 % starfi.
- Ranveig Tausen, sálfræðingur í 50% starfi frá 10. janúar 2017 til 1. desember, leysti Helgu Dögg Helgadóttur af í barnseignarfríi.
- Sveindís Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskylduráðgjafi í 80% starfi. Hún er staðgengill framkvæmdastjóra. Sveindís lauk námi í faghandleiðslu á árinu.

Auk þess að sinna ráðgjöf við þátttakendur og vera tengiliðir þeirra við fagaðila í öðrum þjónustukerfum kenna starfsmenn á námskeiðum og veita sérfræðiráðgjöf hver á sínu sviði. Meiri hluti fræðslu / kennslu þátttakenda er í höndum starfsmanna Starfsendurhæfingar Hfj..

Fjármögnun

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar á árinu 2017 var fjármögnuð af sölu þjónustu eins og fyrr. Kaupendur þjónustu á árinu voru Hafnarfjarðarbær og Virk starfsendurhæfingarsjóður.

Þjónustusamningur við Virk starfsendurhæfingarsjóð gildir til 31. desember 2018. Samkvæmt lögum nr. 2012 nr. 60 25. júní er starfsendurhæfingarsjóðum falið það hlutverk að fjármagna viðeigandi úrræði, aðgerðir og verkefni á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar fyrir einstaklinga sem eru með heilsubrest og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu. Nær allir þátttakendur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar eru í þeim hópi og 91% nýrra þátttakenda var vísað frá Virk starfsendurhæfingarsjóði.

Húsnæðismál

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar fer að lang mestu fram á helmingi 2. hæðar að Flatahrauni 3. Eigandi hússins og leigusali er Verkalýðsfélagið Hlíf. Í húsinu er einnig einkarekni unglingaskólinn Nú og Hraunsel, félagsmiðstöð aldraðra og öryrkja.

Markhópur

Þátttaka í starfsendurhæfingu hentar þeim sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, hafa misst vinnu eða þurft að hætta störfum t.d. vegna sjúkdóma, slysa eða erfiðra félagslegra aðstæðna og vilja komast til virkni á vinnumarkaði á ný. Þetta fólk er markhópur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar samkvæmt skipulagsskrá.

Hlutverk og markmið

Hlutverk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er að sinna starfsendurhæfingu fólks sem stendur höllum fæti gagnvart vinnumarkaði og þarf aðstoð til þess að verða virkt þar á ný. Samkvæmt skipulagsskrá eru markmið starfsins:

- *Að þátttakendur komist í vinnu eða nám* til þess að styrkja stöðu sína gagnvart vinnumarkaði. Unnið er að því með þátttakendum að greina stöðu þeirra, hjálpa þeim að setja sér framtíðarmarkmið, finna leiðir og vinna að þeim.
- *Að lífsgæði þátttakenda og fjölskyldna þeirra aukist.* Skert vinnufærni getur leitt til vítahringis félagslegrar einangrunar, fjárhagsvanda og varanlegs heilsuleysis og jafnvel kollvarpað daglegu lífi einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Þátttaka í atvinnutengdri endurhæfingu getur rofið vítahringinn og aukið lífsgæði.
- *Að endurhæfingin fari fram í heimabyggð.* Reynslan sýnir að það er þátttakendum afar mikilvægt að hafa aðgang að þjónustu í sinni heimabyggð. Minni tími fer í ferðalög, þeir losna við streituna sem fylgir umferðarpunga á álagstímum og síðast en ekki síst eru boðleiðir milli ýmissa þjónustustofnana tiltölulega greiðar og viðbragðstími stuttur.

Hugmyndafræði

Hugmyndafræði Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar byggir á svonefndu "Húsavíkurmódeli".

Meginstef hugmyndafræðinnar er að frá upphafi komi þátttakendur að sinni endurhæfingu með virkum hætti og að í endurhæfingunni sé unnið með þá þætti sem þeir telja hindra þátttöku sína á vinnumarkaði. Hver þátttakandi gerir áætlun með aðstoð ráðgjafa Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Samvinna og samráð er haft við tilvísandi ráðgjafa og sérfræðinga Virk við mótun endurhæfingaráætlana einstaklinga og í áætlun kemur fram hverjir áhersluþættir endurhæfingarinnar eru og í hverju hún felst. Lögð er áhersla á að hjálpa þátttakendum á að átta sig á og ná að nýta eigin styrkleika, auka virkni sína og frumkvæði til þess að taka ábyrgð á eigin velferð.

Nær allir þátttakendur tengjast ákveðnum hópi frá upphafi endurhæfingarinnar. Unnið er að heildstæðri úrlausn mála með hverjum þátttakanda eftir því sem kostur er. Lögð er áhersla á að nýta til þess þau úrræði sem þegar eru til staðar í nær-samfélaginu svo sem í heilbrigðis-, félags-, og menntakerfinu. Með því að koma á eða auka samvinnu milli ólíkra kerfa er reynt að hámarka árangur þjónustunnar sem þau geta veitt. Þess vegna er mikilvægt að byggja upp samstarf við alla sem geta lagt lóð sitt á vogarskálarnar til þess að þátttakendur nái árangri í endurhæfingunni og geti gert þær breytingar á lífi sínu sem þeir stefna að.

Endurhæfingin

Endurhæfingin er heildstæð, beitt er fjölfaglegri teymisvinnu bæði innanhúss og í samvinnu við fagfólk mismunandi þjónustukerfa og ýmsa aðra sem lagt geta hönd á plóg. Allir þátttakendur fá einstaklingsráðgjöf og stuðning. Starfsmenn Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar eru tengiliðir milli þátttakenda og þeirra fagmanna t.d. í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem hafa með málefni þeirra að gera og annarra sem veitt geta aðstoð og stuðning í endurhæfingunni. Hver þátttakandi hefur ákveðinn tengilið í hópi starfsmanna og áhersla er lögð á virkni þátttakenda og ábyrgð þeirra sjálfra á eigin málefnum.

Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðinga, sjúkráþjálfara, menntastofnanir, kennara og námskeiðshaldara.

Endurhæfingarleiðir

Einstaklingar eru misjafnlega lengi í endurhæfingu og geta hætt og hafið störf á vinnumarkaði hvenær sem þeir eru tilbúnir til og tækifæri bjóðast. Þátttakendur hafa ólíkar þarfir og til þess að koma sem best á móts við þær mismundandi leiðir í endurhæfingunni eins og áður getur. Leiðir í endurhæfingunni taka mið af þörfum þátttakenda hverju sinni og eru stöðugt í þróun. Helstu leiðir samkvæmt gildandi samningi við Virk eru:

I. Matsleið: Matsleið er leið sem ætluð er til þess að meta möguleika einstaklinga til þess að taka þátt í starfsendurhæfingu. Þátttakendur fá tækifæri til þess að reyna sig í endurhæfingu og þurfa að standast ákveðin mætingarviðmið til þess að halda áfram í endurhæfingu

II. Einstaklingsbundin, þverfagleg endurhæfing: Samkvæmt orðanna hljóðan er hér um að ræða endurhæfingu sem er miðuð við þarfir hvers og eins einstaklings og aðkoma fagfólks og samvinna er þverfagleg. Gera þarf ráð fyrir ólíkum þörfum einstaklinga og skipuleggja þjónustu í samræmi við þær. Dæmi um ólíkar áherslur má sjá í töflu 1.

III. Lokasprettur / eftirfylgd: Þessi leið er fyrir þá þátttakendur sem þurfa einungis lítinn stuðning á lokametrum endurhæfingar eða eftirfylgd í takmarkaðan tíma að endurhæfingu lokinni. Stuðningur og hvatning er þá veitt í markmiðavinnu og fyrstu skrefin í starfi eða námi.

IV: Hvati. Endurhæfingarleið fyrir ungmenni. Þróunarverkefni sem fór af stað í nóvember 2017. Markhópur þess er ungt fólk, 18-25 ára sem er í starfsendurhæfingu, atvinnulaust eða á framfærslu sveitarfélags og hefur þörf fyrir markvissa hvatningu til meiri virkni, sérfræðiaðstoð og mögulega sérfræðimeðferð til þess að geta komist í vinnu eða í nám.

Nánari lýsinga á Hvata má sjá á bls. 7, þróunarverkefni.

Áherslur í starfsendurhæfingu

Starfsendurhæfing getur hentað fólki sem glímur við mismunandi vanda og áherslur þjónustunnar taka mið af því, s.s.

Vandi	Áherslur
Lengi utan vinnumarkaðar; lítil trú á eigin getu, félagsfærni, þunglyndi, kvíði.	Byggja upp sjálfstraust og trú á eigin getu. Þjálfá samskiptafærni og vinna með kvíða eða þunglyndi. Sálfræðiviðtöl eða hópmeðferð ef þarf.
Fjölbættur t.d. a) Kvíði, fjárhagsvandi, lítil eða stopul vinnusaga. b) Erfitt að ná og halda daglegum takti (rútínu), félagsfærni, lágt sjálfsmat, stoðkerfisvandi. c) Andlegur og líkamlegur vandi. Áfallasaga. Samskiptaerfiðleikar.	Almenn starfsendurhæfing með þátttöku í sérvöldum námskeiðum eða meðferð miðað við stöðu / vanda viðkomandi eftir þörfum. Dæmi um námskeið: HAM, Heil og sæl, Seigla, Slökun og streitustjórn, Venjur og viðhorf. Dæmi um einstaklingsmeðferð: fjölskyldumeðferð, fjármálaráðgjöf, iðjuþjálfun, sálfræðiviðtöl, sjúkraþjálfun.
Ofþyngd , lélegt líkamlegt ástand til viðbótar öðrum vanda.	Almenn starfsendurhæfing með sérstakri áherslu á mataræði og þyngdarstjórn og hreyfingu.
Útbruni	Ná daglegum takti, slökun og streitustjórnun, Vakandi athygli (mindfulness), kvíðameðferð, sjálfsefling, sálfræðimeðferð, hreyfing.
Langvarandi stoðkerfisvandi, ógagnleg viðhorf til vinnu, efasemdir um eigin getu.	Unnið með viðhorf, væntingar og markmiðasetningu. Fræðsla, meðferð sjúkraþjálfara. Heilsufarsmælingar og stuðningur við vinnu að heilsutengdum markmiðum. Hreyfing.
Skortur á rútínu og festu.	Aðhald og stuðningur. Ná góðum daglegum takti. Almenn fræðsla, sjálfsefling, venjur og viðhorf, seigla. Hreyfing. Þátttaka í öðrum námskeiðum ef vel gengur.

Tafla 1. Vandir og áherslur í endurhæfingu.

Ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta

Auk fastra liða á hverri endurhæfingarleið getur ráðgjöf ýmissa sérfræðinga verið hluti endurhæfingar þeirra þátttakenda sem á þurfa að halda.

Á árinu voru haldin ýmis námskeið fyrir þátttakendur. Sum flokkast undir n.k. kjarnanámskeið sem er hluti endurhæfingar flestra þátttakenda. Dæmi um slík námskeið er fjármálanámskeið, heilsufræðsla, hópefli, markmiðasetningarnámskeið og námskeið tengd vinnumarkaðnum og námskeið um venjur og viðhorf. Önnur námskeið eru sértækari og miðast við þarfir og vanda þátttakenda hverju sinni. Dæmi um slík námskeið eru t.d. tölvunámskeið fyrir byrjendur, uppeldisnámskeið, meðvirknihópar, námskeið vegna ADHD, svefnnámskeið, HAM sjálfsefningarnámskeið, kvíðanámskeið, námskeið í slökun, núvitund, um næringu og heilsu, matreiðslu og myndlist.

Fræðsla er að mestu leyti í höndum fastra starfsmanna Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Auk þeirra komu margir verktakar að starfinu, veittu sérfræðiráðgjöf og sáu um hluta fræðslu og kennslu þátttakenda. Meðal þeirra sem kenndu á námskeiðum eða sáu um ákveðna þjónustu voru:

- Garðar Björgvinsson fjármálaráðgjafi kenndi fjármálanámskeið og veitti þátttakendum fjármálaráðgjöf
- Katrín Garðarsdóttir, fjármálaráðgjafi og kennari kenndi sjálfsefningarnámskeið og veitti þátttakendum fjármálaráðgjöf
- Kári Halldór Þórsson, leikari og leikstjóri með námskeið um tjáningu
- Laufey Brá Jónsdóttir leikari, guðfræðingur og viðskiptafræðingur kenndi á vinnumarkaðstengdu námskeiði
- Svanhildur Ólafsdóttir kenndi fjármálanámskeið og veitti þátttakendum fjármálaráðgjöf
- Sveinbjörn Sigurðsson sjúkráðgjafi var þátttakendum til ráðgjafar varðandi líkamsrækt og kom að fræðslu

Ýmsir sérfræðingar héldu fræðsluerindi fyrir þátttakendur um margvísleg mál sem tengjast heilsu, heilsuefningu og vinnu og vellíðan. Meðal þeirra má nefna Árna Guðmundsson, Erlu Björnsdóttur, Matta Ósvald, Sigríði Þormar, Þorstein K. Jóhannsson og fleiri.

Samstarf um einstaklingsbundna ráðgjöf og ýmsa sérfræðiþjónustu er við ýmsa viðurkennda sérfræðinga. Dæmi um einstaklingsmiðaða þjónustu sem veitt er í endurhæfingunni

:

- Aðstoð við atvinnuleit
- Fjármálaráðgjöf
- Fjölskylduráðgjöf
- Iðjuþjálfun
- Náms- og starfsráðgjöf
- Næringarráðgjöf
- Ráðgjöf um líkamsrækt
- Ráðgjöf og meðferð sjúkráðgjafara
- Sálfræðiviðtöl
- Svefnráðgjöf

Starfsprófun / starfsþjálfun

Frá því snemma árs 2010 hefur Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar verið í samstarfi við ótal fyrirtæki um starfsprófanir þátttakenda á vinnumarkaði og hefur það verið lokahluti endurhæfingar flestra þátttakenda síðustu árin. Í starfsprófun fara þeir á vinnustað eða inn á starfssvið sem þeir hafa valið sjálfir með eða án aðstoðar starfsfólksins, mæta þar til starfa reglulega og láta reyna á vinnugetu sína og vinnuþrek. Þetta hefur gefið góða raun og gengið vel í prýðilegu samstarfi við atvinnurekendur.

Vert er að leggja áherslu á mikilvægi þess vanda til verka og vara við því að kastað sé til höndum við starfsprófanir eða reynsluráðningar. Til þess að auka líkur á því að vel takist til leggur Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar áherslu á að undirbúa þátttakendur vel. Áður en þátttakendur fara í starfsprófun hafa þeir sótt námskeið til undirbúnings (endur)komu á vinnumarkað. Á meðan starfsprófun stendur þarf að vera margvíslegur stuðningur í boði bæði fyrir þátttakendur, vinnustaði og tengiliði þar og skýrar línur varðandi utan um hald og framkvæmd.

Þróunarverkefni

Starfsemin er í stöðugri þróun og reynt af fremsta megni að mæta fjölþættum þörfum þátttakenda eins vel og kostur er með mismundandi endurhæfingarleiðum, námskeiðum og einstaklingsþjónustu.

Mikil hlutfallsleg fjölgun hefur orðið í hópi þátttakenda undir 35 ára á síðustu árum, sérstaklega í yngsta hópnum, 18-25 ára. Til þess að sníða þjónustuna betur að þeim hópi hófst undirbúningsvinna að nýrri endurhæfingarleið í árslok 2016. Tilgangurinn var að þróa nýtt úrræði sem félli vel að þörfum ungmenna 18-25 ára sem er í starfsendurhæfingu, atvinnulaust eða á framfærslu sveitarfélags og hefur þörf fyrir markvissa hvatningu til meiri virkni, sérfræðiaðstoð og mögulega sérfræðimeðferð til þess að geta komist í vinnu eða í nám. Sótt var um styrk til Virk starfsendurhæfingarsjóðs vegna verkefnisins. Fékkst þaðan styrkur til þróunarvinnu að upphæð 610.000 krónur og Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er þakklát fyrir það.

Mikilvægur hluti undirbúnings var fræðslu- og kynningarferð starfsfólks til Kanada í apríl 2017. Heimsóttir voru þrjár staðir í Montreal og einn í Ottawa sem allir eru sérhæfðir í að sinna þjónustu við ungmenni, undirbúa þau fyrir og tengja við vinnumarkað.

Afrakstur heimsóknanna reyndist mjög gott innlegg í stefnumótun og skipulagningu úrræðisins. og haustið 2017 var fyrirhuguð þjónusta kynnt Virk, Vinnumálastofnun og Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.

Þróunarverkefnið fékk nafnið Hvati og er markhópur þess er ungt fólk sem hefur glímt við vanvirkni og kvíða, hætt námi eftir grunnskóla eða gefist upp á framhaldsskólanámi, hefur litla starfsreynslu eða ekki náð að fóta sig á vinnumarkaði. Unnið er að því að takast á við samskiptavanda, kvíða og félagsfælni, efla áhugahvöt og trú fólks á eigin getu til þess að hafa áhrif og taka ábyrgð á eigin velferð. Mikil áhersla er lögð á náms- og starfsráðgjöf og tengingu við vinnumarkað.

Fyrstu þátttakendurnir komu frá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og byrjuðu í þjónustu í nóvember 2017.

Samstarf

Þátttakendur í endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar koma víðs vegar að af höfuðborgarsvæðinu og því er nauðsynlegt að eiga gott samstarf við mjög margar þjónustustofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu s.s. heilsugæslustöðvar og félagsþjónustur sveitarfélaga.


Samstarf við Virk starfsendurhæfingarsjóðs og ráðgjafa sjóðsins hjá stéttarfélögum er afar mikilvægt og nauðsynlegt að þar ríki gagnkvæmt traust. Sameiginleg rýni mála þátttakenda með tilvísandi ráðgjöfum og sérfræðingum Virk er orðinn fastur liður í samstarfi við sjóðinn.

Gott samstarf er við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar og forsvarsmenn stöðvanna ræða reglulega saman á símafundum og hittust á fundi á Egilsstöðum í maí. Sameiginlegur tveggja daga fundur fagfólks á starfsendurhæfingarstöðvum var haldinn á Akranesi í september 2017.

Starfsemi ársins


Fjórir nýir hópar hófu þátttöku á árinu. Í janúar, apríl, september og nóvember. Þrír fyrst nefndu hóparnir samanstóðu af fólki á öllum aldri, en í nóvember hópnun voru 5 ungmenni á aldrinum 18-25 ára sem vísað var til Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar frá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. Voru þau fyrstu þátttakendur í þróunarverkefninu Hvata.

Búseta þátttakenda: Sú var tíðin að þátttakendur hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar voru nær eingöngu fólk sem var búsett í Hafnarfirði. Svo er ekki lengur.



Mynd 1. Tilvísanir 2017, búseta þátttakenda.

Kynjahlutfall Eins og áður voru konur í meirihluta þeirra sem vísað var í endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Á árinu 2017 voru þær 64%.




Mynd 2. Tilvísanir 2017, kyn þátttakenda

Veruleg fækkun varð á tilvísunum frá Virk starfsendurhæfingarsjóði á árinu og voru þátttakendur þaðan færri í öllum mánuðum ársins 2017 að desember undanskildum heldur en í sömu mánuðum 2015 og 2016. Að meðaltali voru 55 einstaklingar í þjónustu í hverjum mánuði bæði árið 2015 og 2016, en 44 einstaklingar árið 2017. Það er 20% fækkun. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Virk varð hins vegar fjölgun á tilvísunum til sjóðsins á sama tíma. Auk þess kemur fram í upplýsingum þaðan að fleira fólk sem nýtur þjónustu sjóðsins glími við flóknari vanda en áður, en sá hópur er einmitt markhópur starfsendurhæfingarstöðva eins og Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar, sem veita heildstæða þjónustu. Fækkun þátttakenda við þessar aðstæður vekur furðu og þarfnast skýringa. Líklegt er að verkferlar Virk þarfnist endurskoðunar því að samkvæmt upplýsinga frá sjóðnum virðist þar ríkja „fráflæðisvandi“ sem birtist meðal annars í miklu álagi á ráðgjafa hjá stéttarfélögum sem veldur oft á tíðum langri bið eftir þjónustu sjóðsins.

Eðlilegt og jafnvel óhjákvæmilegt er að fjöldi þátttakenda sé breytilegur, en erfitt getur þó verið að bregðast við stórum sveiflum í fjölda og þær gera skipulag faglegs starfs og áætlanir varðandi rekstur erfiðar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar leituðu skýringa hjá Virk á ástæðu færri tilvísana en áður við þessar aðstæður og óskuðu svara við því hvort um ákvarðaða stefnubreytingu væri að ræða hjá sjóðnum. Í ljós kom að ekki lá fyrir skýring á þessu og ekki reyndist um stefnubreytingu að ræða, en því var heitið að málið yrði yfirfarið hjá sjóðnum. Forsvarsmenn Virk lýstu jafnframt jákvæðu viðhorfi gagnvart samstarfi við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og fullum vilja til áframhaldandi samstarfs.


Aldur þátttakenda: Aldursdreifing þeirra sem hófu endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar á árinu 2017 var nokkuð mikil, en misdreifð eftir aldurshópum. Ungur aldur þátttakenda vekur athygli, en 76 % þeirra voru 35 ára eða yngri og meira en helmingur, eða 57 % nýrra þátttakenda, var 30 ára eða yngri. Flestir voru í yngsta aldurshópnum 18-25 ára, eða 37 %, en fæstir í aldurshópnum 50 ára eldri, eða 6 %.



Mynd 3. Tilvísanir 2017. Aldur þátttakenda, ár


Árangur

Staða í árslok. Á árinu 2017 voru alls 99 þátttakendur hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, 94 frá Virk starfsendurhæfingarsjóði og 5 frá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. 55 hófu þátttöku á árinu. 47 einstaklingar luku þátttöku á árinu, 4 hættu, 1 flutti og 2 fóru í barnseignarfrí.



Mynd 4. Þátttakendur 2017, staða í árslok


Staða þeirra sem luku þátttöku á árinu . Af þeim sem luku þátttöku á árinu 2017 fóru 51% beint í nám, starf eða atvinnuleit, 32% fóru í starfsgetumat hjá Virk. Er þar um að ræða einstaklinga sem höfðu ekki sýnt fram á 80% starfsgetu eða meira við lok þátttöku hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Hluti þeirra fer væntanlega í örorkumat, en aðrir í hlutastörf.



Mynd 5. Staða þátttakenda sem luku þátttöku 2017

Nokkuð stór hluti fór aftur til tilvísandi ráðgjafa, eða 17%. Það er fólk sem stóðst ekki mætingarviðmið eða þjónusta Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar hentaði ekki fyrir. Það hefur því ýmist farið í aðra þjónustu á vegum Virk eða lokið þar þjónustu, en Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur ekki frekari upplýsingar um það.

Tími utan vinnumarkaðar: Áhugavert er að skoða hve lengi þátttakendur sem hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar á árinu 2017 höfðu verið utan vinnumarkaðar áður en þeir fóru í starfsendurhæfingu.



Mynd 6. Luku endurhæfingu 2017. Tími utan vinnumarkaðar fyrir endurhæfingu

Tæplega 70% þeirra sem luku endurhæfingu 2017 höfðu verið lengur en eitt ár utan vinnumarkaðar áður en þeir hófu þátttöku í endurhæfingu, höfðu stopula vinnusögu eða ekki náð fótfestu á vinnumarkaði. Rannsóknir sýna að hafi fólk verið lengur en hálf ár frá vinnumarkaði minnki líkur á endurkomu þeirra til vinnu verulega og miðað við stöðu hópsins í upphafi endurhæfingar er það að helmingur þátttakenda okkar skuli hafa lokið endurhæfingu með því að fara í nám eða vinnu afar góð niðurstaða.

Samantekt / lokaorð

Það var einkum þrennt sem einkenndi árið 2017 hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, hátt hlutfall ungra þátttakenda, vinna að þróun nýs úrræðis fyrir yngstu þátttakendur og fækkun á tilvísunum frá Virk.

Hlutfallslega fjölgun í hópi ungra þátttakenda er verulegt áhyggjuefni. Stór hluti þess hóps er fólk sem flosnað hefur upp úr framhaldsskóla og ekki náð fótfestu á vinnumarkaði. Fyrir því eru ólíkar ástæður, en algengt er að þetta unga fólk glími við þunglyndi, kvíða eða félagsfælni og ef ekki er gripið inn í þróun mála er hætt við að verulegur hluti þess verði öryrkjar. Afar brýnt er að aðstoða þennan hóp við að koma lífi sínu í þann farveg að hvert og eitt ungmenni nái að koma lífi sínu í farveg heilbrigðis og virkni og geti breytt stöðu sinni til þess vegar að framtíðarhorfur batni og þau komist í nám eða starf. Er það einmitt tilgangur Hvata, nýs úrræðis hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar sem hófst í árslok 2017.

Fækkun tilvísana frá Virk starfsendurhæfingarsjóði hafði slæm áhrif á afkomu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar á árinu 2017 sem var afkoma félagsins neikvæð í fyrsta sinn frá stofnun þess.

Eðlilegt er að fjöldi þátttakenda sé aðeins breytilegur, en erfitt getur verið að bregðast við stórum sveiflum í fjölda og þær gera skipulag faglegs starfs og áætlanir varðandi rekstur erfiðar. Það er mat forsvarsmanna Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar að full þörf sé fyrir þjónustu stöðvarinnar enda er árangur starfsins mjög góður. Í ársbyrjun 2018 lágu fyrir nokkru fleiri tilvísanir en í ársbyrjun 2017 sem gæti verið vísbending um fjölgun þátttakenda á ný. Ef svo verður ekki gæti þurft að grípa til ráðstafana og rifa seglin í takt við fjölda tilvísana sem berast.